

---

Deiliskráning við Hvolsvöll:  
Ofanbyggðarvegur

---



Ragnheiður Gló Gylfadóttir og Sigrún Drífa Þorfinnsdóttir

---

Fornleifastofnun Íslands  
Reykjavík 2020  
FS805-20351



*Forsíðumyndin er af tóft RA-255:061 03, horft er til suðausturs.  
Myndina tók Sigrún Drífa Þorfinnsdóttir.*

©2020

Fornleifastofnun Íslands

Bárugötu 3

101 Reykjavík

Sími: 551 1033

Netfang: [fsi@fornleif.is](mailto:fsi@fornleif.is)

Heimasíða: [www.fornleif.is](http://www.fornleif.is)

## Samantekt

Skýrsla þessi fjallar um deiliskráningu fornminja á 10 ha stóru deiliskipulagssvæði norðvestan við íþróttavöllinn á Hvolsvelli, í Rangárþingi eystra. Fornleifaskráningin var unnin í ágúst 2020 að beiðni sveitarfélagsins sem ráðgerir vegagerð á svæðinu. Innan marka deiliskipulagssvæðisins voru skráðar 13 minjar sem allar voru metnar í stórhættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Minjarnar eru allar á svæði sem tilheyrði jörðinni Stórólshvoli.

*Efnisorð: Fornleifaskráning, deiliskráning, Hvolsvöllur, Rangárþing eystra, Fornleifastofnun Íslands, Stórólshvoll*

## Summary

This report presents the findings and conclusions of a detailed survey carried out within a 10 ha large area northwest of the town Hvolsvöllur in Rangárþing eystra, south Iceland. The survey was commissioned by the municipality who are planning a new road in the area. In all 13 sites were surveyed, all of them assessed to be at a high risk. All of the sites belong to the farm Stórólshvoll.

*Keywords: Archaeology, detailed survey, Hvolsvöllur, Rangárþing eystra, Institute of Archaeology in Iceland, Stórólshvoll*





## Efnisyfirlit


1. Inngangur	7
2. Saga fornleifaskráningar og löggjöf	9
3. Aðferðir við fornleifaskráningu	11
4. Fornleifaskrá	13
RA-255 Stórolfshvoll	13
RA-651 Forn. á fl en 1 jörð	18
5. Samantekt um sögu svæðis og landshætti	19
6. Helstu niðurstöður	21
Heimildaskrá	22
Viðauki I: Hnitaskrá ISN93	23
Viðauki II: Minjakort	24



## 1. Inngangur

Í ágúst 2020 hafði skipulags- og byggingarfulltrúi Rangárþings eystra samband við Fornleifastofnun Íslands ses og fór þess á leit að stofnunin tæki að sér deiliskráningu fornleifa innan deiliskipulagsreits norðan við íþróttavöllinn á Hvolsvelli. Á svæðinu er ráðgert að gera hringtorg á þjóðvegi 1 og leggja svokallaðan Ofanbyggðarveg.

Svæðið var skráð á vettvangi í lok ágúst 2020 og var 10 ha deiliskipulagsreitur rannsakaður með tilliti til fornminja. Við vettvangsskráningu var farið kerfisbundið um allt úttektarsvæðið og leitað að minjum. Áður hafði Fornleifastofnun Íslands aðalskráð minjar á Hvolsvelli og nágrenni en þá var ekki gengið um það svæði kerfisbundið í leit að fornleifum.<sup>1</sup> Áður en deiliskráning hófst árið 2020 höfðu ekki verið skráðar minjar innan úttektarsvæðisins en kerfisbundnar göngur leiddu í ljós 13 minjastaði. Um vettvangsskráningu sáu Ragnheiður Gló Gylfadóttir og Sigrún Drífa Þorfinnsdóttir, fornleifafræðingar. Ragnheiður sá ennfremur



Kort sem sýnir afmörkun úttektarsvæðis.

1 Guðrún Alda Gísladóttir, 2004.

um úrvinnslu og skýrslugerð.

Skýrsla þessi er byggð upp á svipaðan hátt og aðrar deiliskráningarskýrslur Fornleifastofnunar. Í öðrum kafla er að finna stutt yfirlit um löggjöf um minjavernd. Í þriðja kafla er fjallað um þá aðferðafræði sem notuð var við úttektina og í þeim fjórða er svo að finna sjálfa fornleifaskráninguna. Í henni er að finna upplýsingar um allar þekktar minjar innan deiliskipulagsreitsins. Í fimmta kafla skýrslunnar er samantekt um sögu svæðis og landshætti á deiliskipulagssvæðinu og í lokakafla hennar er umfjöllun um fornleifar innan deiliskipulagsmarka og helstu niðurstöður úttektarinnar. Aftast í skýrslunni er að finna heimildaskrá, hnitaskrá yfir alla minjastaði og kort sem sýna rannsóknarsvæðið og þær fornleifar sem fundust innan þess.

## 2. Saga fornleifaskráningar og löggjöf

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á landinu. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenska fornleifafélags, einkum staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin 1900 dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980.

Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdagslegar fyrir hundrað árum eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning (ýmist aðaleða deiliskráning). Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmsar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna (svæðisskráning).

Á undanförunum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöfum um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 3. grein laga um menningarminjar (nr. 80, 2012), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „Fornleifum, [...] jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað [...]“. Er þessi fornleifakönnun í anda markmiða sem sett hafa verið með þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölþætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, skrudgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mórgröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarmínjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt



- kennileitum þeirra,
- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
  - f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
  - g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
  - h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
  - i. skipsflök eða hlutar þeirra.

Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar.

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu er fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu.

Ef nauðsynlegt er talið að spilla fornleifum eða hylja þær, þarf að leita heimildar Minjastofnunar Íslands.

### 3. Aðferðir við fornleifaskráningu

Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar hefur hver sýsla skammstafað heiti (ÁR, SP o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Hverjum minjastað er gefin kennitala sem er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: ÁR-239:001). Þær minjar sem skráðar voru innan deiliskipulagsreits tilheyra Stórólfsbhvoli RA-255 og fornleifum sem ná yfir fleiri en eina jörð í Hvolhreppi RA-651. Minjarnar fá hlaupandi númer sem bætast við lista yfir fornminjar sem áður hafa verið skráðar á svæðinu.

Í skránni fær hver minjastaður eina efnisgrein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hvernar greinar eru grunnupplýsingar; auðkennisnúmer, sérheiti, tegund, hlutverk og hnattstaða. Á eftir auðkennisnúmeri kemur sérheiti hennar ef eitthvert er og síðan tegund. Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis fornleifin er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hverskyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki hefur verið mannvirki (álagablettur, sögustaður eða vað). Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða.


Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarins. Mæling hnattstöðu er gerð með GPS staðsetningartækjum af gerðinni Trimble Geoexplorer 6000 (ISN93) og er annars vegar mældur punktur með kennitölu í miðju hvers minjastaðar og hins vegar voru allir minjastaðir uppmældir. Samkvæmt lögum hafa allar fornleifar 15 m friðhelgað svæði frá ystu mörkum minjastaðarins en friðlýstar fornleifar 100 m friðhelgi. Þar sem getur um „heimild um...“ t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þótt engar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga með 50 metra fráviki eða minna.

Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirliggjandi heimildir en síðan er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur oft lýsing á aðstæðum og síðast lýsing á mannvirkinu sjálfu ásamt öðrum upplýsingum sem við eiga.


Í næstsíðustu línu er lagt mat á þá hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Á vettvangi var notast við þá vinnureglu að skilgreina fundnar minjar innan marka áhrifasvæðis „stórhættu vegna framkvæmda“. Rétt er að geta þess að í hættumati er ekki fólgið neins konar mat á gildi minjastaða. Það er þó ljóst að hægt ætti að vera að hlífa mörgum minjastaðanna sé tillit tekið til fornleifa á deiliskipulagsstigi. Í síðustu línu er getið heimilda ef einhverjar eru, oft með

skammstöfunum, en úr þeim er leyst í heimildaskrá aftast í skýrslunni.

Númer jarðar í Jarðatali Johnsens	Númer fornleifar á tiltekinni jörð	Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Hnattstaða í landshnitakerfi ISN93
Sýslutákn ← SF-175-009	Sveinshlaða		tóft	hlaða	E: 528751 N: 352323



Sveinshlaða 009, horft til norðurs



Ljósmynd af minjastað og uppmæling/teikning

Á túnakorti frá 1920 og bæjarteikningu danskra mælingamanna frá 1904 er sýnt útihús í túnjaðri um 210 m norðan við eldra bæjarstæði 001 og 80 m norðvestan við yngra bæjarstæði 003. Á þeim stað er stæðileg hlöðutóft sem nefnist Sveinshlaða og samtengt eða eldra mannvirki norðvestan við hana. Sveinshlaða er 16 m suðvestan við miðlinu Skaftártúnguvegar (208) þar sem fyrirhugaðar eru framkvæmdir og telst því í stórhættu vegna vegagerðar. Tóftin er í túnjaðri fast suðvestan við Skaftártúnguveg (208). Túnið er í allmiklum halla til suðvesturs.

Heildarstærð tóftarinnar er 23x14 m og snýr hún norðvestur-suðaustur. Í suðausturhluta hennar er Sveinshlaða sem er 15x13 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er 5x6 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Hlaðan er niðurgráfin um 1 m og eru veggir hennar um 2 m á hæð innanmáls. Norðvestan við hlöðuna er annað hólf eða annað mannvirki og er það torfhlaðið. Það er þríhyrningslaga og er 9x6 m að innanmáli, mjókkar til norðvesturs. Op virðist vera inn í það í suðurhorni. Veggir þess eru 0,3-0,4 m á hæð og 2-2,5 m á breidd en veggir hlöðunnar eru 4-5 m á breidd. Hólfín virðast vera samtengt en hlaðan er mun yngri að sjá en hólfíð norðvestan við hana. Nokkur hólmyndun er undir norðvesturhluta tóftarinnar og ljóst að mannvirki hafa verið á þessum stað í langan tíma.

**Hættumat:** stórhætta, vegna vegagerðar → Hætta sem stöðjar að fornleif

**Heimildir:** Túnakort 1920

Heimild sem vísað er í, nánari færsla í heimildaskrá

Dæmi um skráningu á minjastað í skýrslum Fornleifastofnunar Íslands.

## 4. Fornleifaskrá

RA-255 Stórólshvoll

Í Landnámu er getið Stórólfs sem bjó á Hvoli. ÍF I, 355.

**c. 1200:** Jarðarinnar getið í kirknaskrá Páls biskups. DI XII, 6.

**1271:** Jörðin nefnd í samningi Árna biskups Þorlákssonar við Steinvararsyni. DI II, 92.

**1332:** Máldagi kirkjunnar. „Mariu kirkia oc hins heilaga olafs at huale nedra a prestz skyllid j heima landi. duffpaks hollt. v. kugilldi uis nema framar profuizt.“ DI II, 689-690

**1367:** Máldagi kirkjunnar. „Mariukirkia a Nedrahuole og hinz h[eilaga] olafs a Prestskyllid j heima lande. duffpaksholltt. viij kugillde, les vilchinsbok þui það ber allt samann.“ DI III, 217

**1397:** Máldagi kirkjunnar. „Mariukirkia oc hins heilaga Olafs ad Nedra Hvole a prestskyld i heimalandi. Duffpackshollt Viij- kugilldi. Heimamanna tiund oc gröptur oc lysitollur oc af .xij. bæinum odrum. oc allri skylldu. Enn or Laugagerdi onnur misseri. Item gaf Jon fra Efra Hvoli .c. vöru i salugjöf. Hun a.v. manna messuklædi oc .vij. hokla. V alltaraklædi með dukum. kantara kapur iij. oc ein med silfur fljngiu. fontklædi. sacrarium mvnnlaug. Glodarkier oc vattzkietill. Sloppa ij. Kaleika ij. Textum Evangeliorum buinn med silfur. Cc. j bokumm. kluckur vj oc biollu eina. krossa .iij. lykneski vij oc Mariuskript. tiolld vm alla kirkiu. Glergluggar v. watzkall rifinn. jarnstiku stora oc krokstikur .v. tuær med kopar. bryk yfer alltari. baksturjarn. Þadan skal syngia annann hvern dag helgann til Efra Hvóls.“ DI IV, 83.

**Um 1480:** Máldagi kirkjunnar. „Mariu kirkia oc hins heilaga olafs kongs. at nedra huoli a Prestskyllid j heima landi. duffpaks holltt. viij, kugilldi. heima manna tiund. groptur oc lysitollur. oc af xij bæium odrum j allri skylldu. enn or langagerdi onnur huer missere. jtem (gaf) jon fra efra huoli c. voru j sælugjöf. hun ij kapur godar. [oc einn slopp. ein messuklædi oc onnur lettare oc messuserkur laus. v hoklar lauser eru ij vonder. iij alltaris klædi med glitudum dukum. pax spiolld sæmilig oc ij. lettari. v. koparstikur. ampli med glodar ker. kalekur forgylltur. oc annar og ylltur oc brakadur. ij alltaris ateinar. ij burdar stikur. einar stolur lausar. skirnar saar. vatzketill. lectari oc dukur þar a til ij kaleks hus. iij psalltarar. leabok de sanctis per anni circittlum. alltarisbok, aequetiu bok. graduale vondur a sumared. lesbok aa veturinn de tempore til palrasunudags. miasale de tempore oc de sanctis per anni circulum. brestur til graduale de sanctis aa veturinn. ottusonguabok a sumaret de tempore oc de sanctis fra trinitatis deigi til aduentu. lesbok fra de trinitatis til aduentu. kirial processionale. ottusonguabok fra niu vikna fostu til paska de tempore. de tempore bok fra paskum til aduentu. matutinale handbokbrikk yfer alltari oc kross. jons likneski baptiste. andrcs skriptt. mariu skriptt. olafs skriptt. þorlaks likneski oc peturs. katrinar likneski oc kross med vndirstodu. Porcio ecclesie vmm ix dar a medan Einar heitinn hieylltt halft fiorda hundrad. Jtem a einu are er cecilia hieyllt. iij. voder oc xv alnar vadmals betur, Var giortt ofann a kirkiuna .xxx. hundrada. Jtem brestur stora jarnstiku oc iij kolfua j kluckurnar er Einar heitinn fargadi, Jtem brast eina silfur flingiu. Þadan skal syngia annann huern dag helgann til efra huols.“ DI VI, 327-328.

**1500:** Jörðin Vindás í Hvolhrepp er í Hvolskirkjusókn. DI VII, 484

**1553:** Máldagi kirkjunnar. „Kirkian ad Huoli nedra a prestszkýud j heimalandi. hun a Duffpaksholt. Midkrika oc Diupadal helming fiuru fyrer Fitia landi motz vid Skalholtz kirkiu v. kýr. v asaudar kugildi. iij gelldfiar hundrat. oc iijo j koplum. jtem jnnan kirkiu ij messuklædi. alfær. Kantara kapa. einn alltaris buning. kalek. skruda kistu. metaskaler. ij kluckur. nockrar rotnar skrædur. Þar liggia til xj bæier. oc fellur nærri x aurum. kirkia biarglig.“ DI XII, 651-652.

**1575:** Máldagi kirkjunnar. „Kirkjan á hálfan reka við Skálholts dómkirkju fyrir Fitjarlandi í Eystri Landeyjum. Hún á og tvö skógaritök í Næfurholts landi, eru kölluð Hvols skógar. Er annað ítakið af blásturssandi foreytt og að engu gagni, hitt að litlu til kolagjörðar, hefur því grandað yfirfall af vikri úr Heklu, hvar af skógurinn visnar upp, þar með hefur hann og eyðst fyrir yrkinga manna smám saman.“



DI XV, 666-667.

1703 er talað um eyðibýlatóftir í Djúpadal. Aðrar hjáleigur eru Gata, Kornhús, Stóragerði, Litlagerði, Króktún, Þinghóll. JÁM I, 216-219. Síðar voru í byggð Ormsvöllur og Magrivöllur. SB IV, 532.

### Landkostir og tún

**1703:** Jarðadýrleiki 80 hdr. JÁM I, 216.

**1847:** 40 hdr, með hjáleigum 80 hdr. JJ, 35.


**Túnakort 1917:** Tún 10,7 ha, þar af 4 ha slétt, garðar 2085 m<sup>2</sup>. “Engjar frá Stórólshvoli voru á Þverárbökkum sunnan Dufþekju,” segir í SB IV, 490.

“Land jarðarinnar er víðlent, liggur til vesturs allt að Eystri-Rangá, að mestu leyti þurrir vallendis- og lyngmóar, prýðisgóðir til ræktunar. Nú hefur mikill hluti landsins verið tekinn undan jörðinni, undir graskögglaverksmiðju og undir þéttbýlið á Hvolsvelli.” SB IV, 490. Hvolsvallarkauptún er byggt í landi Stórólshvols og Króktúns. SB IV, 532.

### RA-255:061

Á Herforingjaráðkorti 48NA frá 1908 eru sýnd beitarhús sem lenda innan deiliskráningarsvæðis en þeirra er ekki getið í ritheimildum. Samtals voru skráðar 11 minjar á svæði sem er 150x60 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Allar minjarnar, utan þeirrar nyrstu, eru innan áhrifasvæðis Ofanbyggðarveggar. Minjarnar eru staðsettar norðan við gróinn vegslóða sem liggur austur-vestur í náttúrulegri gróf, rúmum 1,3 km norðaustan við Stórólshvol 001.

Minjarnar eru í grónu vallendi. Á svæðinu er skógrækt en víða eru djúpar grófir sem skera landið, svokallaðar öldur. Innan deiliskráningarreitsins er frisbýgolfvöllur, skógrækt og ummerki eftir börn líkt





og kofar og eldstæði.

**Heimildir:** LMI 1:50000 48NA 1908

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**RA-255:061 01** þúst beitarhús

A 438949 N 362044

Þúst 01 er suðaustast á svæðinu á brekkubrún, 3 m norðan við vegslóða og 10 m suðaustan við þúst 02. Hún er 10 x 6,5 m á stærð og snýr norður-suður. Þústin er nokkuð óskýr og gengin í þúfur. Greina má vegg ofan á henni sem snýr nálega norður-suður. Hann er L-laga, 4,5 x 2,2 m að stærð og um 0,3 m á hæð. Ekki eru aðrar minjar sjáanlegar á yfirborði. Norðan í þústinni er dæld eða renna þar sem tré hafa verið gróðursett og hefur raskað þústinni þónokkuð. Sé tekið mið af lagi þústarinnar og veggjarins voru þetta beitarhús.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda



Þúst RA-255:061 01, horft til suðausturs.

**RA-255:061 02** þúst beitarhús

A 438931 N 362053

Þúst 02 er norðan við vegslóða og 10 m norðvestan við tóft 01. Hún er 5 x 6 m á stærð og snýr norður-suður. Ytri mörk hennar eru nokkuð skýr en ekkert op er á yfirborði. Það glittir í grjót í þústinni á einum stað. Ofan á þústinni er óreglulegur veggur sem er um 0,4 m á hæð. Ekki reyndist unnt að mæla hann upp. Norðan í þústinni er dæld/renna þar sem búið er að planta trjám, erfitt er að greina ytri brúnir þústarinnar að norðanverðu vegna þessa rasks. Lag þústarinnar bendir til þess að um beitarhús eða fjárborg sé að ræða.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda



Þúst RA-255:061 02, horft til norðvesturs.

**RA-255:061 03** tóft beitarhús

A 438925 N 362071

Tóft 03 er 16 m norðan við vegslóða og 10 m norðvestan við tóft 02. Tóftin er 7 x 8 m á stærð, einföld og snýr norðaustur-suðvestur. Op er til suðvesturs. Tóftin er torfhlaðin, grasigróin og innanmál hennar skýrt. Hæð veggja að innan er 0,2 - 0,5 m og þeir eru einna lægstir við opið. Veggjahæð að utan er 0,7 m.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda



Þúst RA-255:061 03, horft til suðausturs.

**RA-255:061 04** þúst óþekkt

A 438920 N 362078



Tóft RA-255:061 04, horft til vesturs.

Þúst 04 er 2,5 m norðvestan við tóft 03 og 25 m ANA við tóft 06. Hún er 4 x 6,3 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Ytri brúnir þústarinnar eru skýrar og er hún um 0,6 m á hæð. Gróið rof er í þústinum og er hún vaxin klóelftingu. Ekki er hægt að ákvarða hlutverk hennar en hún tengist beitarhúsum á svæðinu án efa.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**RA-255:061 05** þúst beitarhús

A 438885 N 362071



Þúst RA-255:061 05, horft til norðvesturs.

Þúst 05 er 7 m norðan við vegslóða og 30 m vestan við tóft 03. Þústin er 10 x 7 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er um 0,3 m á hæð og ytri brúnir hennar eru nokkuð skýrar en ekki sést mannvist á yfirborði að öðru leyti. Þústin þýfð og grasivaxin. Sé tekið mið af lagi þústarinnar var þetta líklega beitarhús.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**RA-255:061 06** tóft beitarhús

A 438892 N 362073



Tóft RA-255:061 06, horft til norðausturs.

Tóft 06 er fast norðaustan við þúst 05 og 28 m vestan við tóft 03. Tóftin er 6 x 4 m á stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er opin til norðvesturs. Hæð veggja er frá 0,2 - 0,3 m og hvergi glittir í grjót í þeim. Tóftin er torfhlaðin og gengin í þúfur. Fast austan við hana er gróið rof.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**RA-255:061 07** tóft beitarhús

A 438879 N 362047

Tóftin er sunnan við gróf, á brúnhennar andspænis hinum tófunum. Hún er 11 x 7 m að stærð, snýr



austur-vestur og skiptist í tvö hólf. Veggirnir eru 0,5 m á hæð að innan og það glittir í grjót á einum stað. Að utan eru þeir 0,2 m háir. Hólf 1 er vestar. Það er 4 x 1,5 m að innanmáli, snýr austur-vestur og veggirnir eru algrónir. Hólfið er opið til vesturs. Hólf 2 er austar og var hlaða. Það er 3,5 x 1,5 m að innanmáli, snýr austur-vestur og ekkert op sést á yfirborði. Það er örlítið niðurgrafið en erfitt að segja til um hversu mikið vegna gróðurs. Inni í hólfinu liggur útskorið timburskilti sem á stendur “Hvolsskóli 100 ára” og greinilegt að svæðið var mögulega nýtt til kennslu árið 2008. Hvolsskóli var stofnaður árið 1908.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda



Tóft RA-255:061 07, horft til austurs.

**RA-255:061 08** tóft beitarhús

Einföld tóft er tæpum 30 m norðvestan við tóft 06 og 23 m norðan við vegslóða. Hún er 8 x 6 m að stærð, veggirnir eru 0,4 - 0,7 m á hæð og algrónir. Líklega eru þeir torfhlaðnir. Inanmál tóftarinnar sést einna best vegna þúfna sem þar eru. Ekkert op sést á yfirborði.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

A 438864 N 362095



Tóft RA-255:061 08, horft til norðurs.

**RA-255:061 09** tóft beitarhús

Sigin tóft er 8 m austan við tóft 08 og rúmum 30 m norðan við vegslóða. Hún er 10 x 6,5 m að stærð, snýr norðaustur-suðvestur og er einföld. Veggirnir eru 0,3 - 0,5 m á hæð, algrónir og hvergi glittir í grjót. Veggirnir eru þýfðir, óskýrir að hluta og torfhlaðnir. Ekkert op sést á yfirborði inn í tóftina. Innanmálið er 4 x 1,7 m og það snýr norðaustur-suðvestur. Birkitré er austast í tóftinni og fleiri tré þar við.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

A 438878 N 362103



Tóft RA-255:061 09, horft til suðvesturs.

**RA-255:061 10** tóft beitarhús

Tóft er rúmum 25 m sunnan við tóft 11 og rúmum 5 m norðan við tóft 8. Hún er 10,2 x 8,2 m að stærð, skiptist í tvö hólf og snýr ANA-VSV. Veggirnir eru 0,5-1 m á hæð, algrónir og signir. Líklega eru þeir torfhlaðnir. Hólf 1 er suðvestar. Það er 5 x 1 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Op er á

A 438860 N 362109

norðvesturvegg. Hólf 2 er norðaustar. Það er 3,7 x 2 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Hólfíð er opið til norðvesturs. Lag tóftarinnar bendir til þess að um beitarhús sé að ræða.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda



Tóft RA-255:061 10, horft til suðausturs.



Tóft RA-255:061 11, horft til vesturs.

**RA-255:061 11** tóft beitarhús

A 438847 N 362141

Tóft er 5 m norðan við deiliskráningarreitinn en tilheyrir beitarhúsum 061 engu að síður og því höfð hér með. Hún er 7,3 x 6,2 m að stærð, einföld og snýr austur-vestur. Veggirnir eru 0,3 - 1 m á hæð, algrónir og torfhlaðnir. Þeir eru hæstir að utan og mun grænni en nánasta umhverfi. Ekkert op sést á yfirborði en innanmálið er 1,3 x 2 m og snýr austur-vestur.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

RA-651 Forn. á fl en 1 jörð

**RA-651:005** heimild leið

A 438717 N 361870

Á herföngingaráðskorti 48NA frá 1908 sést kerruvegur liggja frá Rangá eystri, vestan við Djúpadal og áfram til suðausturs yfir í Landeyjar. Norðan við heimatún Eystri-Garðsauka sameinast kerruvegur 007 þessum vegi en það er utan við deiliskráningarreitinn. Vegurinn lá á svipuðum stað og Þjóðvegur 1 innan þess svæðis sem var deiliskráð 2020. Ekki er ljóst hvort að reiðvegur/reiðslóði austan við Þjóðveginn er gerður á grunni þessa kerruvegar en líklega eru öll ummerki hans horfin. Reiðvegur er jafnframt vestan við Þjóðveg 1 og ljóst að mikil vegagerð er á þessu svæði.

Gróinn vegslóði er rúmum 20 m austan við Þjóðveg 1. Skammt austar er skógrækt en annars er gróin vegöxl.

Engin ummerki um veginn sjást á yfirborði.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** LMI 1:50000 48NA 1908

**RA-651:006** heimild leið

A 438667 N 361997

Á herföngingaráðskorti 48NA frá 1908 eru sýndar reiðgötur milli Stórólshvols og Móeiðarhvols. Þær lágu til vesturs frá vegi 007, þvert yfir veg 006 og enduðu austan við heimatúnin á Móeiðarhvoli. Innan deiliskráningarreits sem var skoðaður 2020 er skógrækt og öll ummerki um leiðina horfin. Hún var ekki rakin utan hans.

Svæðið er kílræst og fjölmörgum trjám verið sáð í rofið. Mikill gróður er á svæðinu.

Engin ummerki um leiðina sjást á yfirborði.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** LMI 1:50000 48NA 1908



## 5. Samantekt um sögu svæðis og landshætti

Hvolsvöllur er byggður úr landi jarðarinnar Stórólshvols og hjáleigum hennar<sup>2</sup> að stórum hluta eftir 1930. Að auki nær þéttbýlið að hluta yfir jarðirnar Miðkrika, Vestari-Garðsauka, Garðsaukahjáleigu og Eystri-Garðsauka. Árið 2004 var gerð aðalskráning fornleifa á Hvolsvelli í tengslum við endurskoðun aðalskipulags og rúmlega 100 minjastaðir skráðir. Á síðustu árum hafa fengist viðbótarupplýsingar um þekktar minjar innan þéttbýlisins vegna framkvæmda.<sup>3</sup> Hér fyrir neðan verður stiklað á stóru í sögu Stórólshvols og Hvolsvallar út frá fyrirliggjandi heimildum.

Jarðarinnar Stórólshvols er getið í Landnámabók. Þar kemur fram að Ketill hængur hafi numið öll lönd milli Þjórsár og Markarfljóts, einkum landið milli Rangár og Hróarslækjar allt fyrir neðan Reyðarvatn og bjó að Hofi. Hann nam einnig öll lönd fyrir austan Rangá eystri og Vatnsfell til lækjar þess er fellur fyrir utan Breiðabólstað allt fyrir ofan Þverá, nema Dufþaksholt og Mýrina en það land gaf hann. Mestu af landi sínu skipti Hængur milli barna sinna og Stórólfr Hængsson á Hvoli.<sup>4</sup>

Fremur lítið er vitað um þróun byggðar á Stórólshvoli og í næsta nágrenni fram eftir öldum. Stórólshvolskirkja er nefnd í kirknatali Páls biskups Jónssonar, frá því um 1200 en almennt koma jarðir í Hvolhreppi ekki mikið við sögu í öðrum miðaldarskjölum en máldögum.<sup>5</sup> Stórólshvoll hefur lengi haft mikla yfirburði yfir nágrannajarðir hvað dýrleika, umfang og fjölda býla varðar. Jörðin sjálf var talin 40 hdr að fornu mati en með öllum hjáleigum var hún samtals 80 hdr.<sup>6</sup> Sóknarkirkjan var á Stórólshvoli en útkirkjur á Völlum, Efra-Hvoli og Velli og bænhús á Móeiðarhvoli. Þingstaður hreppsins var einnig á Stórólshvoli, og í byrjun 20. aldar var þar lækni-setur, sjúkraskýli og barnaskóli. Þrátt fyrir að nokkur fjöldi hjáleiga hafi raðað sér í kringum Stórólshvol, var almennt minni hjáleigubbyggð í Hvolhreppi en víða annarsstaðar í Rangárvallasýslu. Flestar hjáleigurnar í kringum Stórólshvol byggðu á gömlum merg, og höfðu verið í byggð lengur en elstu menn mundu árið 1703.<sup>7</sup> Á 19. öld byggðust upp fjórar hjáleigur; Norðurgarður, Ormsvöllur, Magrivöllur og Þinghólsgil, allar farnar í eyði um aldamótin 1900 nema Ormsvöllur sem var í byggð til 1922.<sup>8</sup>

Land jarðarinnar hefur að mestu verið lagt undir Hvolsvöll en kirkjan þjónar enn sem sóknarkirkja. Hvolsvöllur er byggður úr landi Stórólshvols, á bökkum Öldunnar sem liggur í

2 Kornhús, Gata, Stóragerði, Litlagerði, Króktún og Magrivöllur voru hjáleigur Stórólshvols árið 1703.

3 Guðrún Alda Gísladóttir, 2004; Lísabet Guðmundsdóttir, 2018; Stefán Ólafsson, 2019; Ragnheiður Gló Gylfadóttir, í vinnslu.

4 ÍF I, 347, 355; Páll Sigurðsson, 500.

5 DI XII, 6.

6 JÁM I, 216-219

7 JÁM I, 217-220.

8 SB IV, 491.



gegnum kaupúnið og setur svip á landslagið. Fyrsti vísir þess var þegar útibú frá kaupfélaginu í Hallgeirsey var opnað á Hvolsvelli árið 1930. Upp úr því fór kaupúnið að myndast, sýslumaður settist að á staðnum 1938 og eftir 1940 tók byggðin verulegan vaxtakipp.<sup>9</sup> Um 1000 manns búa á Hvolsvelli og þjónusta fyrir landbúnað, almenn þjónusta fyrir íbúa og ferðaþjónusta eru helstu atvinnuvegir.<sup>10</sup>

Svæðið sem var deiliskráð árið 2020 er um 10 ha stórt og er norðvestan við íþróttasvæðið á Hvolsvelli. Það er innan fornu landamerkjja lögbýlanna Stórólshvols og Vestari-Garðsauka en er langt frá gömlu heimatúnum þeirra og hefur tilheyrt úthögum jarðanna. Næsta nágrenni einkennist af flatlendi sem vel er fallið til ræktunar og hefur verið ræst fram eða sléttað í tún. Víða eru djúpar grófir sem skera landið, svokallaðar öldur. Innan deiliskráningarreitsins er frisbýgolfvöllur, skógrækt og ummerki eftir leik barna s.s. kofar, eldstæði og vefstaður. Hlutverk svæðisins innan þéttbýlisins gæti almennt fallið undir útivistarsvæði.

---

9 SB IV, 531-533.

10 <https://www.hvolsvollur.is/is/mannlif/rangarthing-eystra/um-sveitarfelagid>

## 6. Helstu niðurstöður

Samtals voru skráðar 13 minjaeiningar innan og skammt utan við deiliskráningarreitinn. Minjarnar endurspegla landnýtingu svæðisins og tengjast landbúnaði og samgöngum. Þær eru allar skilgreindar í stórhættu vegna framkvæmda en rétt er að ítreka að í hættumatinu er ekki fólgið mat á gildi fornleifanna.

Engar minjar fundust í landi Vestari-Garðauka en innan gömlu landamerkja Stórólshvols fundust 13 minjaeiningar. Beitarhús RA-255:061 eru norðanlega fyrir miðju svæðinu og eru sýnd á herforingjaráðskorti frá 1908. Þar eru átta tóftir og þrjár þústir, allar tengdar sauðfjárhaldi. Tóftirnar raðast á brún norðan og sunnan við djúpa gróf en eftir henni er vegslóði frá síðustu árum. Allar minjarnar eru sjáanlegar á yfirborði, algrónar og flestar eru þær torfhlaðnar. Skógrækt ógnar mörgum þeirra og trjám hefur verið plantað í og við þær flestar. Ekki er vitað hvaða býli nýtti beitarhúsin, þ.e. Stórólshvoll eða einhver hjáleiga bæjarins. Hið sama virðist gilda hér og í Fljótshlíðarhreppi, ný beitarhús hafa gjarnan byggð við hlið þeirra eldri þegar kom að viðhaldi og endurnýjun sem skýrir þennan mikla fjölda rústa á sama stað.<sup>11</sup>

Að auki voru þjóðleiðir RA-651:005 og 006 innan svæðis en báðar eru þær merktar inn á herforingjaráðskort frá 1908. Þær eru horfnar af yfirborði innan deiliskráningarreitans.

Það er rétt að vekja athygli hér í lok skýrslu á 22. og 23. grein laga um menningarminjar en í þeim segir: „Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.“ Ennfremur segir: „Finnist fornminjar sem áður voru ókunnar, t.d. undir yfirborði jarðar, sjávar, vatns eða í jökli, skal skýra Minjastofnun Íslands frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn.“

Minjastofnun Íslands mun taka afstöðu til áhrifa framkvæmdanna á fornminjar, hvort þau teljist ásættanleg og hvort nauðsynlegt sé að grípa til mótvægisáðgerða.

---

11 Ragnheiður Gló Gylfadóttir. 2017: 316.

## Heimildaskrá

*Diplomatarium Islandicum* eða Íslenskt fornbréfasafn I-XVI. (DI) 1857-1972. Hið íslenska bókmenntafélag: Kaupmannahöfn og Reykjavík.

Guðrún Alda Gísladóttir. 2004. *Fornleifaskráning á Hvolsvelli og í nágrenni*. FS232-04012. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

*Herforingjaráðskort 48 NA*. 1908. Generalstabens topografiske Afdeling, Kaupmannahöfn. Sótt af <http://islandskort.is/is/category/list/29>

*Íslensk fornrit I. Íslendingabók og Landnáma*. (ÍF I). 1968. Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag.

*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns (JÁM I)*. 1913-1917. Vestmannaeyjar og Rangárvallasýsla. Kaupmannahöfn: S.L. Möller and Hið íslenska fræðafjelag.

Johnsen, J. (JJ). 1847. *Jarðatal á Íslandi*. Kaupmannahöfn.

Lísabet Guðmundsdóttir. 2019. *Fornleifarannsókn á meintum rústahól í Sýslumannstúni á Hvolsvelli*. FS710-18371. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

Páll Sigurðsson. 1886. „Um forn örnefni, goðorðaskipun og fornmenjar í Rangárþingi.“ *Safn til sögu Íslands og íslenskra bókmennta að fornu og nýju II*. Kaupmannahöfn.

Ragnheiður Gló Gylfadóttir. 2017. *Aðalskráning fornleifa í Rangárþingi eystra 2013-2015*. 2. bindi, hefti II. FS597-13011. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

Ragnheiður Gló Gylfadóttir. (Í vinnslu). *Aðalskráning fornleifa í Rangárþingi eystra 2018-2020*.

Rangárþing eystra. 2020. Sótt af: <https://www.hvolsvollur.is/is/mannlif/rangarthing-eystra/um-sveitarfelagid>

Stefán Ólafsson. 2019. *Könnunarskurður við Hvolsvöll. Framkvæmdarannsókn*. FS759-19291. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

*Sunnlenskar byggðir. Rangárþing austan Eystri-Rangár (SB IV)*. IV. bindi. Búnaðarsamband Suðurlands, [án útgáfust.] 1982.

Túnakort í Hvolshreppi 1917. Þjóðskjalasafn Íslands.

Viðauki I: Hnitaskrá ISN93

Samtala	easting	northing
255061 1	438949,592	362044,661
255061 2	438931,743	362052,896
255061 3	438926,119	362071,457
255061 4	438920,855	362078,798
255061 5	438884,959	362071,769
255061 6	438892,182	362073,541
255061 7	438879,793	362047,471
255061 8	438864,014	362095,820
255061 9	438878,666	362103,592
25506110	438860,634	362109,107
25506111	438847,331	362141,288
651005	438717,353	361870,499
651006	438667,945	361997,782



Viðauki II: Minjakort

